



Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

13. apríl 2012

**Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, 598. mál**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar en Samtök atvinnulífsins sendu umhverfisráðuneytinu umsögn um drög að frumvarpinu 9. nóvember 2011.

Í frumvarpinu eru m.a. lagðar til breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum vegna athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA í kjölfar dóms Evrópudómstólsins í máli C-255/08, sem fela í sér að þröskuldsgildi 2. viðauka laganna eru færð niður. Þrátt fyrir nokkra eftirgrennslan hefur eingöngu fengist útdráttur umrædds dóms og því útilokað að leggja mat á fordæmisgildi hans gagnvart lögum nr. 106/2000 og þörf þess að gera breytingar á lögnum.

Samtökin benda á að á árabílinu frá 2000 til 2011 hafa Skipulagsstofnun borist 430 tilkynningar um framkvæmdir en af þeim hefur aðeins 21 framkvæmd verið talin matsskyld. Þá eru liðnir tæpir 28 mánuðir frá því að Skipulagsstofnun tók síðast ákvörðun um að tilkynnt framkvæmd væri matsskyld, en sú ákvörðun var tekin 22. desember 2009. Frá þeim tíma hefur stofnunin tekið 60 ákvarðanir um að tilkynningarskyldar framkvæmdir séu ekki matsskyldar. Í ljósi þessa telja samtökin að lækking þröskuldgilda 2. viðauka algjörlega ónauðsynlega og eingöngu í algjörum undantekningartilvikum verði framkvæmdir undir núverandi þröskuldsgildum taldar matsskyldar. Því feli breytingin í raun aðeins í sér aukið skrifræði sem skili engu í að ná þeim markmiðum sem lögum um mat á umhverfisáhrifum er ætlað að ná. Ef þörf er á því að breyta lögnum í ljósi athugasemda ESA þá beri að leita skynsamlegri leiða til þess.

Í 4. gr. frumvarpsins er að finna tillögu að málsmeðferð vegna þeirra framkvæmda sem yrðu tilkynningarskyldar við breytinguna. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að um einfaldari málsmeðferð sé að ræða og markmiðið sé að stytta þann tíma sem það tekur Skipulagsstofnun að taka ákvörðun um matsskyldu. Gerðar verði vægari kröfur til framkvæmdaraðila um skil á gögnun og að tímafrestir verði styttnir auk þess sem stofnuninni verði heimilt en ekki skylt að leita umsagnar. Ef ætlunin er að gera slíkar framkvæmdir tilkynningarskyldar leggja samtökin eindregið til að viðhöfð verði einfaldari málsmeðferð en kveðið er á um í frumvarpinu. Ef þörf er talin á að tilkynna framkvæmdir sem þessar þá er lagt til að stofnunin tilkynni innan viku hvort ætlunin sé að taka til skoðunar hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Berist slík tilkynning ekki fyrir það tímamark teljist hún ekki matsskyld. Ákveði stofnunin að taka til skoðunar hvort framkvæmd sé matsskyld þá megi gilda um þá skoðun þær reglur sem frumvarpsdrögin kveða á um.



Samtökin hafa áður gagnrýnt það að málsmeðferð og leyfisveitingar séu orðnar afar flóknar og að oftast en ekki verði óeðlilegur dráttur á afgreiðslu mála. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að eftir því sem umsagnaraðilum fækkar aukast líkur á skjótari málsmeðferð þar sem minni líkur eru þá á að einstakir umsagnaraðilar geti tafið mál með því að skila seint inn umsögnum. Í þessu felst staðfesting á gagnrýni samtakanna og telja þau æskilegt að þessari þróun verði snúið við og lýsa samtökin sig reiðubúin til þess að koma að slíkri vinnu. Lagt er til að sett verði ákvæði í lögum um að skili umsagnaraðlar ekki inn umsögn innan lögboðins frests sé litið svo á að engin umsögn muni berast.

Í 10. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 3. viðauka laganna. Í athugasemdum við greinina segir að við ákvörðun um matsskyldu framkvæmda beri að líta til þess hvort tilkynnt framkvæmd skv. 6. gr. laganna falli undir þau viðmið sem tiltekin eru í núgildandi 3. viðauka laganna þar á meðal hvort framkvæmdin sé á verndarsvæði. Þá segir í greinargerðinni að skilgreining verndarsvæðis þyki ekki nægjanlega skýr né uppfylla stefnumörkun íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra þróun og að ástæða þyki til að bæta þar úr. Í þeim tilgangi er lagt til að tiltekið verði að til verndarsvæða teljist svæði á náttúruminjaskrá, náttúruverndaráætlanir, náttúruvörðunarsvæði sem falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd, sem og landsvæði í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar skv. lögum nr. 48/2011.

Samtökin eru andvíg þessari breytingartillögu og telja að með henni sé verið að rýmka umtalsvert hugtakið verndarsvæði. Benda samtökin á að skv. lögum um náttúruvernd teljast svæði sem ætlunin er að friðlýsa ekki til verndarsvæða, sbr. d-lið ákvæðis til bráðabirgða IV. Þá er hugtakið verndarsvæði í lögum um verndun Þingvalla og vatnasviðs þess notað í þrengri merkingu en lagt er til í frumvarpinu. Þá telja samtökin að miða verði við endanlegar ákvarðanir um friðlýsingu svæða en ekki stefnu stjórnvalda um friðlýsingu sem ekki hefur orðið að veruleika. Þannig geti svæði sem í náttúruverndaráætlun er lagt til að verði friðlýst ekki talist jafngilt svæði sem hefur verið formlega friðlýst. Breytingin felur í sér að náttúruverndaráætlun er gefið vægi umfram það sem efni og rök standa til.

Á sömu forsendum telja samtökin ekki forsvaranlegt að veita landsvæðum í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar stöðu umfram það sem kveðið er á um í lögum nr. 48/2011. Bent er á að í svokallaðri rammaáætlun er einungis fjallað um orkuframkvæmdir og áhrif þeirra en margs konar aðrar framkvæmdir geta komið til umfjöllunar sem á engan hátt tengjast orkulindum. Þannig geti verndarflokkur þessarar áætlunar aldrei gilt um annað en orkuframkvæmdir.

Þá telja samtökin að tilvísun í náttúruminjaskrá ekki hafa sérstaka þýðingu en skv. lögum skulu í skránni vera sem gleggstar upplýsingar um friðlýstar náttúruminjar, náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa samkvæmt náttúruverndaráætlun og aðrar náttúruminjar, þ.e. landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem rétt þykir að vernda.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka atvinnulífsins

F.h. Samtaka iðnaðarins